

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	7.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Logi Haraldsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Ingi Rafnsson	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru settar fram er varða að hráefnageymslur eru að hluta til óvarðar fyrir vindi og að skorsteinn nær ekki tiltekinni hæð, en unnið er að viðgerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit.

Um er að ræða steinullarverksmiðju rekstraraðila að Skarðseyri 5, Sauðárkrók. Heimilt er að framleiða allt að 2.500 kg/klst af steinull og steinullarafurðum. Starfsleyfið gildir til 1. maí 2024. Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar og er það til meðferðar hjá stofnuninni. Rætt var um langan vinnslutíma starfsleyfisins og kom rekstraraðili á framfæri áhyggjum sínum yfir því að úrgáfa starfsleyfis gæti tafist fram yfir gildistíma núverandi starfsleyfis.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma
- Skoðunarferð um verksmiðjuna og lóð hennar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2021, en ein ábending var sett fram er varðar frágang á úrgangi á lóð. Brugðist var við þeirri ábendingu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

Rætt var um áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit og var skjalið sent rekstraraðila í kjölfar eftirlitsins. Verður það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Rekstraraðili hefur endurunnið trefjaúrgang með jarðgerð skv. gr. 2.13 í starfsleyfi og með því minnkað magn úrgangs til urðunar umtalsvert. Í núverandi starfsleyfi er ekki heimild til jarðgerðar á lóð rekstraraðila en óskað hefur verið eftir slíkri heimild í nýju starfsleyfi. Þar til starfsleyfið verður gefið út, safnar rekstraraðili trefjaúrgangnum, sem eru steinullarsíur úr skorsteini, saman á snyrtilegan hátt og mun jarðgera hann þegar nýtt leyfi tekur gildi. Ekki er gerð ábending hvað þetta varðar þar sem nýtt leyfi er í vinnslu. Eldri jarðgerðahaugar eru á lóð rekstraraðila og beðið er eftir áburðarleyfi frá MAST áður en moltunni verður komið fyrir á viðeigandi stað, s.s. á uppgræðslur eða til jarðbætingar.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skv. gr. 3.4 í starfsleyfi var skilað þann 28. apríl sl. og engar ábendingar gerðar þar um. Mælingar á útblæstri skv. gr. 3.1 voru framkvæmdar síðast í mars 2022 og voru gildi þeirra innan marka starfsleyfis. Lofthraði var mældur 15,9 m/s en skv. gr. 2.2 í starfsleyfi (endurskoðað með bréfi frá Umhverfisstofnun þann 20. ágúst 2020) skal útblásturshraði vera að lágmarki 15 m/s. Ryk mældist að meðaltali 7,9 mg/Nm³ en skv. gr. 2.2 í starfsleyfi skal það vera innan við 30

mg/Nm³. Ekki eru gerðar mælingar í frárennsli skv. gr. 2.9 í starfsleyfi þar sem allt frárennslisvatn úr framleiðslunni fer til endurnýtingar og notað aftur inn í ferlið. Annað frárennsli s.s. frá starfsmannaaðstöðu fer í frárennslislagnir bæjarins.

Allar áætlanir hafa verið endurskoðaðar í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi. Skráningar v. viðhalds og eftirlits mengunarvarnarbúnaðar eru rafrænar og engar ábendingar settar þar um. Vel er haldið utanum gögnin.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar.

Gengið var um lóð verksmiðjunnar og hún skoðuð. Unnið var að tiltekt í verksmiðjunni og kör með flokkuðum úrgangi stóðu á plani og biðu flutnings. Einnig var unnið að uppsetningu steypueininga í kringum hráefnisgeymslur utandyra og er verkið langt komið. Vörubretti eru notuð til að varna foki úr hráefnishaugunum og hefur það reynst betur en netin sem áður voru notuð, brettin eru endurnýtanleg og þægilegri í meðförum.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að hráefnageymslur utandyra fyrir skeljasand eru óvarðar gagnvart roki en verið er að vinna í því að loka svæðinu með steypueiningum og verður sú vinna kláruð nú í sumar. Einnig er verið að klára að loka svæðið af fyrir óviðkomandi umferð skv. gr. 2.6 í starfsleyfi. Minnt er á að skipuleggja skal geymslusvæði fyrir utan hráefnisgeymslurnar vel og að það sé snyrtilegt á að líta og að komið sé í veg fyrir fok.

Ábending er sett fram um að skorsteinn nær ekki tiltekinni hæð, eða 40 m. Slys varð þegar toppur skorsteinsins brotnaði af vegna málmþreytu og tæringar þann 8. mars sl. og hluti hans féll niður. Viðgerð stendur yfir og er áætlað að henni ljúki nú í haust. Rekstraraðili er beðinn um að upplýsa eftirlitsaðila, dragist viðgerð á langinn.

ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Óhapp varð þann 21. nóvember 2022 þegar eldur kviknaði í afsogi hersluofns og annað þann 8. mars þegar skorsteinninn brotnaði og efstu 8 metrar hans féllu ofaná færiband fyrir hráefnainnkeyrslu. Viðgerð stendur yfir og verður henni lokið nú í sumar. Ekki er talið að þetta hafi teljandi áhrif á mengunarvarnir starfseminnar.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærri hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 06.07.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir